

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Selfossi, 11.04.2012

**Efni: Umsögn Landssamtaka skógareigenda (LSE) um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, aukin matsskylda o.fl.), 598. mál.**

*Landssamtök skógareigenda (LSE) gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.*

1. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru íþyngjandi og munu valda auknum kostnaði fyrir verðandi skógarbændur, ef þær koma til framkvæmda. Líkur eru á að þær muni leiða til samdráttar í nytjaskógrækt þar sem reikna má með að eingöngu fjársterkir aðilar hafi fjárhagslega burði til að mæta þeim kostnaðarauka sem í frumvarpinu felst, ef það verður að lögum.
2. LSE bendir á að skógrækt er skilgreind sem landbúnaður á Íslandi og því ekki í takt við þau lög og reglugerðir sem skógrækt vinnur eftir að taka þessa atvinnugrein úr samhengi við annan landbúnað í lögum um mat á umhverfisáhrifum.
3. LSE leggur til að Skógrækt ríkisins verði í framtíðinni, eins og verið hefur, sú stjórnsýslueining sem fer með eftirlit og umsjón með allri skógrækt í landinu. Óþarft er að fela öðrum stofnunum þetta hlutverk, með þeim kostnaðarauka sem því fylgir.

F.h. Landssamtaka skógareigenda

Björn Bjarndal Jónsson  
framkvæmdastjóri LSE

heimasíða: [www.skogarbendur.is](http://www.skogarbendur.is)  
netfang: [bjorn@sudskogur.is](mailto:bjorn@sudskogur.is)  
sími: 899 9302